

Mosfellsbær
b/t Lára Gunnarsdóttir
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 6. maí 2019
UST201903-290/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Ævintýragarður í Mosfellsbæ

Vísað er til erindis verkefnisstjóra á umhverfissviði Mosfellsbæjar er barst 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir Ævintýragarð í Mosfellsbæ.

Í greinargerð lýsingar kemur fram að skipulagssvæðið er staðsett í Ullarnesbrekkum og afmarkast af Vesturlandsvegi til austurs, Köldukvísl til norðurs að meðtöldum Suðureyrum og mörkum aðliggjandi deiliskipulaga til suðurs; íþróttasvæðis við Varmá, Varmárskólasvæðis og hestaíþróttasvæðis á Varmárbökkum og er svæðið u.þ.b. 68,3 ha að stærð.

Í greinargerð kemur fram að megin viðfangsefni við deiliskipulagsgerðina er m.a. að móta heildstætt skipulag fyrir Ævintýragarðinn, styrkja tengingu byggðar við útivistarsvæðið og ákvarða og skilgreina legu helstu vegtenginga og göngu-, hjóla- og reiðleiða um svæðið. Auk þess kemur fram að afmarka og skilgreina svæðið eftir nýtingu þess og verndun og að tryggja verndarsvæði og vatnasvæði Varmár.

Forsendur og gestir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi gesta sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæða, áningarstaða, og umfang göngustíga.

Friðlýst svæði

Deiliskipulagssvæðið liggur í nálægð við Varmárósa sem voru friðlýstir árið 1980 sem friðland Umhverfisstofnunar bendir því á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýsta svæðisins geti á einhvern hátt haft áhrif á friðlandið. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts*

svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.“

Umhverfisstofnun bendir á að markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalda fitjasefi (*Juncus gerardii*) og búsvæði þess og bendir stofnunin á að vistgerðin hefur einnig fundist innan skipulagssvæðisins sem er hér til umfjöllunar.

Sérstök vernd

Umhverfisstofnun telur að sjavarfitjar og leirur í Leirvoginum falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og telur stofnunin mikilvægt að fjallað sé um ofangreina grein í tillögunni.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur að markmið tillöguna þar sem segir að náttúrusvæði og votlendi verði óhreyfð og uppbyggingu beint utan við áhugaverð náttúrusvæði séu í samræmi við ofangreind ákvæði náttúruverndarlaga.

Bakkagróður

Innan skipulagssvæðisins eru tvær ár, Kaldakvísl og Varmá, og bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að bökkum ána verður ekki raskað. Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta nágrenni vatnsins.

Tillögur að B-hluta náttúruminjaskrár

Í greinargerð kemur fram að Blikastaðakró – Leiruvogur er svæði á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) (B-hluti er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum). Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdaráætlunin liggur ekki fyrir heldur er hér um að ræða tillögu Náttúrufræðistofnunar að áætlun til ráðuneytis og er ekki lögformlega bundin. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í lýsingu að mikilvægt sé að hafa upplýsingar fyrir Leirvog – Blikastaðakró til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðanna rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar tillaga að áætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

Tungufoss

Umhverfisráðherra ákvað skv. tillögu sveitarfélagsins Mosfellsbæjar, að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að friðlýsa Tungufoss og nánasta umhverfi hans árið 2013. Landsvæðið er friðlýst sem náttúruvætti, skv. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Samkvæmt 9. gr. friðlýsingarskilmála kemur fram að „*Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúruvættisins eru óheimilar, nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun.*“

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu Tungufoss skulu allar framkvæmdir vera í samræmi við gildandi skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Stofnunin vekur athygli á að ekki liggur fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið, en unnt er að sækja um undanþágu frá ákvæðum auglýsingar um friðlýsingu til umhverfis- og auðlindaráðherra.

Það er því mat Umhverfisstofnunar að skipulagssvæðið sem nær að náttúruvættinu sé unnið í samstarfi við stofnunina.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Akel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur